



Alþingi - nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Grindavík, 15. maí 2019
Tilvísun: 1905012 FJ

Efni: Umsögn um tillögu um fjármálaáætlun 2020-2024, 750. mál.

Á 1515. fundi bæjarráðs Grindavíkurbæjar þann 14. maí sl. var tekin fyrir umsögn um tillögu um fjármálaáætlun 2020-2024.

Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

Bæjarráð Grindavíkurbæjar mótmælir harðlega þeim áformum fjármálaráðherra og ríkisstjórnar að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um nærri 3,3 milljarða á árunum 2020 og 2021.


Einhlíða ákvörðun ríkisvaldsins af þessu tagi er í andstöðu við það formlega samráðsferli ríkis og sveitarfélaga sem þróast hefur á undanförunum árum og fela áform þessi í sér algeran trúnaðarbræst gagnvart sveitarfélögum í landinu. Ekki getur með nokkrum hætti talist eðlilegt að áhersla á að bæta afkomu ríkissjóðs skili sér í skerðingu á tekjum sveitarfélaganna, sem standa undir mjög stórum hluta almannaþjónustu í landinu.

Þess er krafist að áform um skerðingu tekna Jöfnunarsjóðs verði afturkölluð þegar í stað og hvetur til eðlilegs samráðs ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um þetta mál sem og öll önnur sem varða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Afgreiðsla bæjarráðs upplýsist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarráðs Grindavíkurbæjar

 Bæjarstjórnin
í Grindavík



Fannar Jónsson
bæjarstjóri